

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur sett sveitarfélaginu samþykkt um hundahald samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Árlega innheimtir sveitarsjóður gjald sem ætlað er til að framfylgja samþykktinni fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir sbr. gjaldskrá þessa.

3. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

- a. Almennt gjald er 6.000 kr. á ári. Hundahreinsunargjald innifalið.
- b. Handsömunargjald er 3.000 kr. í fyrsta sinn, 6.500 kr. í annað sinn.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar á fundi hennar þann 15. janúar 2004 og öðlast þegar gildi.

Laugum, 19. apríl 2004.

Sveitarstjórinn í Þingeyjarsveit,

Jóhann Guðni Reynisson.